

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Kjartans Magnússonar, um aðgang að gögnum um ráðningu borgarlögmans

Á fundi borgarráðs þann 17. ágúst 2017 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins Kjartans Magnússonar:

Undirritaður óskar eftir því að fá fullan aðgang að öllum gögnum varðandi ráðningu borgarlögmans.

Með bréfi dags. 17. ágúst sl. óskaði skrifstofa borgarstjórnar eftir umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um fyrirspurnina.

Starf borgarlögmans var auglýst laust til umsóknar á vef Reykjavíkurborgar og í Fréttablaðinu þann 17. júní sl. Umsóknarfrestur var til 3. júlí sl. Skipuð var ráðningarnefnd og í henni sátu Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar og Stefán Eiríksson borgarritari og var starfsmaður nefndarinnar Auður Björgvinsdóttir mannauðsráðgjafi í mannauðsdeild Ráðhúss. Að loknu mati á umsækjendum, þar á meðal með viðtölum og úrlausn verkefna, lagði borgarstjóri fram tillögu um að ráða Ebbu Schram hrl. í starf borgarlögmans á fundi borgarráðs 10. ágúst sl. Tillagan var samþykkt á umræddum fundi borgarráðs.

Í aðdraganda fundarins sendi borgarritari fulltrúum í borgarráði tölvupóst 8. ágúst sl. og gerði grein fyrir því hvernig aðgangi að gögnum vegna málsins yrði háttað. Þar kom fram að útbúin hefði verið gagnamappa vegna ráðningar borgarlögmans sem hægt væri að kynna sér í aðstöðu mannauðsdeildar á 3. hæð ráðhússins. Með svari við þeim tölvupósti sama dag óskaði Kjartan Magnússon borgarfulltrúi eftir aðgangi að gögnum:

„um ráðningu borgarlögmans, annað hvort með tölvupósti eða með því að þau verði gerð aðgengileg í fundarkerfi borgarráðsfulltrúa eins og önnur trúnaðargögn.“

Borgarritari svaraði umræddum tölvupósti 9. ágúst þar sem fram kom að umrædd gögn væru:

„nú þegar aðgengileg og til reiðu í áðurnefndri gagnamöppu. Þar sem gögnin eru að hluta til

viðkvæm trúnaðargögn er þessi háttur hafður á við meðferð þeirra.“

Jafnframt var tekið fram í tölvupóstinum að ef:

„borgarráðsfulltrúar þurfa að kynna sér nánar gögnin að hluta eða í heild og þetta fyrirkomulag nægir ekki er unnt að óska eftir að fá þau afhent ljósrituð með viðeigandi trúnaðarmerkingum á skjölunum.“

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi ítrekaði í tölvupósti 9. ágúst kröfu sína:

„um að fá gögnin afhent með eðlilegum hætti, þ.e. inni á kerfinu eða með tölvupósti. Ég er úti á landi og kem ekki í bæinn fyrr en seint í kvöld eða fyrramálið. Hef margoft fengið miklu viðkvæmari trúnaðarupplýsingar sendar í tölvupósti en þær sem menn senda með umsóknum um opinber störf.“

Borgarritari svaraði umræddum tölvupósti í beinu framhaldi og minnti á í þessu sambandi:

„35. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715 8. júlí 2013. Þar er fjallað um aðgang að gögnum og segir þar að ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða eru óvenju viðamikil sé borgarfulltrúa heimilt að kynna sér þau á skrifstofu borgarstjórnar. Umrædd gögn sem þú óskar eftir eru einmitt undanþegin upplýsingarétti almennings sbr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og eru því meðhöndluð með þessum hætti og í samræmi við ákvæði umræddra laga.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem þú lýsir er sjálfsagt mál að senda þér þessi trúnaðargögn sem merkt verða sem slík í tölvupósti. Þar sem um umtalsverðan fjölda blaðsíðna er að ræða (þar á meðal umsóknir ásamt fylgigögnum) er spurning hvort dugi til að byrja með að senda þér fyrirlliggjandi tillögu og greinargerð sem og matsblað. Þú getur þá skoðað önnur gögn ef þurfa þykir þegar þú kemur í bæinn. Heyri frá þér með það.“

Engin svör bárust frá borgarfulltrúanum við þessum tölvupósti og því sendi borgarritari síðar sama dag borgarfulltrúanum umrædd gögn sem sérstaklega höfðu verið tilgreind í framangreindum pósti og var þar tekið sérstaklega fram:

„þar sem ég hef ekkert heyrt frekar frá þér eftir síðasta póst og svar mitt sendi ég þér þetta með þessum hætti.“

Engin frekari svör eða viðbrögð bárust frá borgarfulltrúanum vegna þessa.

Í fyrirspurn borgarfulltrúans er óskað eftir fullum aðgangi að gögnum varðandi ráðningu borgarlögmans. Fulltrúar í borgarráði höfðu og hafa fullan aðgang að umræddum gögnum sem farið er með í samræmi við ákvæði 35. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715 frá 8. júlí 2013. Þar sem um er að ræða gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti almennings var og er borgarfulltrúanum, í þessu tilviki fulltrúa í borgarráði, heimilt að kynna sér þau á skrifstofu borgarstjórnar eins og rakið er í umræddri grein. Í ljósi þeirra aðstæðna að borgarráðsfulltrúinn var á ferðalagi utan Reykjavíkur í aðdraganda fundarins var brugðið á það ráð að senda honum tiltekin gögn málsins, sérstaklega trúnaðarmerkt, í tölvupósti, eins og að framan er rakið.

Stefán Eiríksson
borgarritari